



Fundargerð

443. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 12. nóv. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson (II), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir(ÁÝS) í fjarveru Karl Kristjánsson (KK) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá „Fundargerð Öldungaráðs frá 5. nóvember 2019 undir fundargerðir“ og „Staða vatnsveitu „ undir önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd frá 7. nóvember 2019:

Formaður fór yfir fundargerðina.

Vegna 7. liðar a) samþykkir sveitarstjórn að boða til stofnfundar á húsnæðissjálfsseignarstofnunar , Reykhólar hses, á grundvelli framlagðrar tillögu að stofnsamþykkt fyrir félagið. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ábyrgjast greiðslur vegna munar á stofnvirði samkvæmt umsókn og stofnvirði sem er lagt til grundvallar útreikning stofnframlags, allt að 11.105.000 kr.

Eins verði óskað eftir breytingu á samningi við Íbúðalánasjóð þannig að sótt verði um 6% framlag til viðbótar vegna markaðsbrests.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Mennta- og menningarmálanefndar frá 7. nóvember 2019:

ÁHH fór yfir fundargerðinna.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

3. Öldungaráð frá 5. nóvember 2019:

JÖE fór yfir fundargerðirna.
Samþykkt að setja skýrari reglur varðandi slátt og snjómokstur fyrir eldri borgara.
Enning samþykkt að hækka styrk til Félags eldri borgara um 50.000 kr.
Fundargerðin samþykkt.

Mál til afgreiðslu.

4. Leyfi frá sveitarstjórnarstörfum:

Karl Kristjánsson óskar eftir tímabundnu leyfi frá sveitarstjórnarstörfum frá 1. nóv. 2019 til 1. júní 2020.
Samþykkt samhljóða.
Fyrsti varamaður ÁÝS taki sæti KK á meðan leyfi varir.

5. Hitaveitumál:

Undir þessum lið mætti Finnur Árnason framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunar til fundarins. Hann lagði fram minnisblað um málefni hitaveitu á Reykhólunum og gerði grein fyrir afstöðu Þörungaverksmiðjunar til nýtingu heita vatnsins á svæðinu.

ÁÝS vék af fundi eftir þennan lið.

6. Ósk um afléttingu verðs:

Lagt fram erindi frá eiganda Reykjarbrautar 11. Óskað er eftir að Reykhólahreppur aflétti verið sínu sem hvílir á öðrum veðrétti eignarinnar.

Þar sem ljóst er að veðið er ónýtt samþykkir sveitarstjórn af aflétta því enda löngu afskrifað í varúðarafskriftum sveitarsjóðs.

7. Bré frá UMFA:

Lagt fram bréf frá stjórn UMFA.
Sveitarstjórn tekur vel í erindið enda gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir samstarfsamningi við félagið, fjármagni til heisluefland samfélag og styrkjum til eflingar sundiðkunar.

8. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2020 - síðari umræða:

Tekin fyrir að nýju fram tillaga að fjárhagsáætlun Reykhólahrepps og stofnana fyrir árið 2020 ásamt framkvæmdaáætlun ásamt breytingartillögum.

Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrarafgangi upp á tæpar 45 millj. kr. og 29,5 millj. kr. til fjárfestinga.

Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

9. Fulltrúi í Breiðafjarðarnefnd:

Umhverfisráðherra hefur skipað Karl Kristjánsson í stjórn Breiðafjarðarnefndar samkvæmt tilnefningu Reykhólahrepps.

Tekið fyrir bréf Rebekku Eiríksdóttur. Sveitarstjórn tekur undir marga í bréfi hennar. Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir að vinnubrögð í þessu máli voru ekki nógu góð og mun tileinka sér vandaðri vinnubrögð í framtíðinni. Sveitarstjórn biðst afsökunar á hvernig að málum var staðið og felur að oddvita svar bréfitara.

Önnur mál:

10. Staða vatnsveitu:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu vatnsveitu Reykhóla. Keypt hafa verið geislunartæki sem verða sett upp svo fljótt sem verða má en jafnframt hugað að bráðabirgðarlausn fyrir Barmahlíð og Reykhólaskóla. Málið verði sett í algeran forgang.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15
